

Skólaráðsfundur, 3. fundur

Mætt: Gróa Björk, Guðný, Auður, Ragnheiður, Haraldur Axel, Bergur Daði, Víðir, Arnar.

Ritari: Bryndís Jóna

- Skóladagatal 2017-2018

- Skóladagatal næsta skólaárs borið undir viðstadda. Haraldur upplýsir um að það hafi verið samþykkt á starfsmannafundi á þriðjudaginn. Útskýrir jafnframt fjölda skóladaga, starfsdaga og skerta daga samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambandið og hvernig starfsdögum og skertum dögum hefur verið raðað fyrir næsta skólaár. Umræða um vetrarfrí og starfsdaga. Skóladagatal samþykkt.

- Árshátíð Heiðarskóla

- Haraldur útskýrir hvernig fyrirkomulag árshátíðar er í ár - að mestu leyti eins og á síðasta ári, þ.e. nemendaárshátíð fimmtudaginn 16. mars þar sem nemendur sýna atriði sín og sjá annarra og árshátíðin sjálf föstudaginn 17. mars. Þá er gestum boðið á árshátíð. Bryndís segir frá því að kaffifyrirkomulag verður með örlítið breyttu sniði á yngsta- og miðstigi. Nemendur koma með sætabrauð og drykk í nesti og skólinn býður gestum upp á kaffi og kleinur.

- Námsárangur nýnema í FS

- Haraldur segir frá niðurstöðum fundar með FS um stöðu nýnema samkvæmt jólaprófum. Nemendur Heiðarskóla raðast vel í áfanga í FS miðað við útskriftareinkunn úr grunnskóla í stærðfræði. Í íslensku eiga nemendur sem útskrifuðust með „slakt“ B í nokkrum vandræðum með þann áfanga sem þeir raðast í í FS. Að öðru leyti er gott samhengi á milli útskriftareinkunnar úr grunnskóla og gengi í FS. Svipaðar niðurstöður fást fyrir dönsku en örlítið meira samræmi í ensku. Fulltrúar FS höfðu mestar áhyggjur af áhugaleysi nemenda. Rætt um áhrif snjalltækja á áhuga á námi.

- Önnur mál

- Ragnheiður spyr um samræmd próf og hvort rétt sé að framhaldsskólar skyldi nemendur til að skila inn einkunnum úr þeim þegar þeir sækja um skólavist. Bryndís útskýrir að framhaldsskólar geta farið fram á að nemendur skili þessum niðurstöðum inn ef samkeppni um inntöku er mikil. Stutt umræða um samræmd próf og samræmi á milli námsmat samkvæmt aðalnámskrá 2011/2013 og námsmats í framhaldsskólum.
- Fleira ekki rætt og fundi slitið.